

Stjórnartíðindi

2005 - B-deild - B111-115

Útgáfa 1.1 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðum eintökum af Stjórnartíðindum. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið eintak af prentuðum Stjórnartíðindum án endurgjalds. Hvorki dómsmálaráðuneytið né önnur stjórnvöld standa að gerð skjals þessa umfram það að hafa útvegað höfundu skjalsins prentteintök af ritinu.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum <https://urlausnir.is>. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

Takmörkun ábyrgðar

Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

Höfundaréttur

Samkvæmt 9. gr. núverandi höfundalaga, nr. 73/1972, njóta landslög og önnur áþekk gögn gerð af opinberri hálfu, ekki verndar höfundalaga.

Hvers kyns höfundarréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

Ábendingar

Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval (svavar@kjarrval.is)

Stjórnartíðindi

B 111-115

Nr. 834-866

2005

Efnisyfirlit B 111–115 2005

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
834	15. sept.	Auglýsing um breytingar á deiliskipulagsáætlunum í Reykjavík	1813-1814
835	15. sept.	Reglugerð um gildistöku ákvarðana framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins um heilbrigðiseftirlit á samlokum, skrápðýrum, möttuldýrum og sæsniglum	1814-1815
836	14. sept.	Auglýsing um breytingar á deiliskipulagi Breiðholts og Krossanesshaga, Akureyri	1815
837	14. sept.	Auglýsing um ásetningshlutfall sauðfjár almanaksárið 2	1815-1816
838	16. sept.	Reglugerð um (4.) breytingu á reglugerð nr. 621/2005 um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á grænmeti	1816
839	16. sept.	Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Mosfellsbæjar 2002-2024, hverfisverndarsvæði og miðsvæði í Urðum ...	1817
840	20. sept.	Reglugerð um friðun steinbíts á hrygningartíma á Látra-grunni	1818
841	20. sept.	Auglýsing um staðfestingu á breytingu á svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2001-2024, Kópavogstún	1819
842	20. sept.	Auglýsing um breytingar á deiliskipulagsáætlunum í Reykjavík	1819
843	20. sept.	Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2001-2024, miðsvæði og íbúðarbyggð við Borgartún – Sóltún .	1820
844	20. sept.	Auglýsing um deiliskipulag í Kópavogi	1821
845		Reikningur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga árið 2002	1822-1824
846		Reikningur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga árið 2003	1824-1827
847		Reikningur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga árið 2004	1827-1830
848	12. sept.	Reglugerð um þjóðgarðinn á Þingvöllum, verndun hans og meðferð	1830-1834
849	31. ágúst	Gjaldskrá um gatnagerðargjöld í Hvalfjarðarstrandarhreppi .	1834-1836
850	19. sept.	Auglýsing um umferð í Reykjavík	1837
851	16. sept.	Auglýsing um breytingu á svæðisskipulagi Héraðssvæðis 1998-2010	1837-1838
852	19. sept.	Auglýsing um umferð í Reykjavík	1838
853	16. sept.	Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Eyjafjarðarsveitar 1994-2014, Brúarland og Leifsstaðir	1838
854	16. sept.	Auglýsing um staðfestingu á aðalskipulagi Gaulverjabæjarhrepps 2003-2015	1839
855	16. sept.	Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Ölfuss 2002-2014, iðnaðarsvæði á Hellisheiði	1839
856	16. sept.	Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Kópavogs 2000-2012, stækkun miðbæjarsvæðis	1839-1840
857	16. sept.	Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Reykjanesbæjar 1995-2015, Nikkelsvæði/Borgabraut	1840
858	16. sept.	Auglýsing um staðfestingu á aðalskipulagi Borgarfjarðarhrepps 2004-2016	1841

STJÓRNARTÍÐINDI B 111 – 2005

15. september 2005

1813

Nr. 834

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagsáætlunum í Reykjavík.

Laugardalur, íþróttahús Próttar.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti skipulagsráð Reykjavíkur þann 31. ágúst 2005 breytingu á deiliskipulagi fyrir Laugardal, suðvesturhluta, vegna íþróttahúss Próttar.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Réttarháls 2.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti skipulagsráð Reykjavíkur, þann 31. ágúst 2005 breytingu á deiliskipulagi fyrir Hálsahverfi, lóðina að Réttarhálsi 2.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Fossvogshverfi.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti skipulagsráð Reykjavíkur, þann 31. ágúst 2005 breytingu á skilmálum deiliskipulags fyrir Fossvogshverfi.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Ármúli 8.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur, þann 2. júní 2005 breytingu á deiliskipulagi við Armúla 8.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Suðurlandsbraut 14.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur, þann 3. mars 2005 breytingu á deiliskipulagi fyrir Suðurlandsbraut 14.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Gylfaflöt 22.

- Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti skipulagsráð Reykjavíkur, þann 17. ágúst 2005 breytingu á deiliskipulagi fyrir Gylfaflöt 22. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Þverársel 4.

- Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti skipulagsráð Reykjavíkur þann 31. ágúst 2005 breytingu á deiliskipulagi fyrir Seljahverfi, vegna lóðarinnar að Þverárseli 4. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Fiskislóð 1.

- Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti skipulagsráð Reykjavíkur, þann 31. ágúst 2005 breytingu á deiliskipulagi fyrir Vesturhöfn, vegna lóðarinnar að Fiskislóð 1. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, 15. september 2005.

Helga Bragadóttir.

REGLUGERÐ

**um gildistöku ákvarðana framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins um heilbrigðis-
eftirlit á samlokum, skrápdyrum, möttuldýrum og sæsniglum.**

1. gr.

Ákvæði samnings um Evrópska efnahagssvæðið sem vísað er til í I. kafla, I viðauka, skulu öðlast gildi með breytingum og viðbótum sem leiðir af I. viðauka, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans. Á grundvelli eftirtalinna ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar öðlast eftirfarandi ákvarðanir gildi hér á landi:

- A: Ákvörðun framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins nr. 226/2002/EB, frá 15. mars 2002 um sérstakt heilbrigðiseftirlit við tekju og vinnslu á tilteknum samlokum (tvískelja lindýrum) þegar þörungaeitur sem veldur minnisleysi (ASP) er yfir þeim mörkum sem mælt er fyrir um í tilskipun ráðsins 91/492/EBE sem innleidd var með reglugerð nr. 260/1999 um veiðar, meðferð, vinnslu og dreifingu lifandi samloka. Ákvörðunin var felld inn í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 31 frá 2003 og var birt í EES-viðbæti nr. 9 frá 2005 á bls. 96.
- B: Ákvörðun framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins nr. 225/2002/EB, frá 15. mars 2002 um nákvæmar reglur varðandi framkvæmd tilskipunar ráðsins 91/492/EBE, sem innleidd var með reglugerð nr. 260/1999 um veiðar, meðferð, vinnslu og dreifingu lifandi samloka, að því er varðar hámarksmagn og greiningaraðferðir á tilteknu sjávarlífeitri í samlokum (tvískelja lindýrum), skrápdyrum, möttuldýrum og sæsniglum. Ákvörðunin var felld inn í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 31 frá 2003 og var birt í EES-viðbæti nr. 9 frá 2005 á bls. 93.

2. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 55/1998 um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða, með síðari breytingum.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoði í 31. gr. laga um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða nr. 55/1998, með síðari breytingum. Reglugerðin öðlast gildi við birtingu.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 15. september 2005.

F. h. r.

Vilhjálmur Egilsson.

Ásta Einarsdóttir.

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagi Breiðholts og Krossanesshaga, Akureyri.

Bæjarstjórn Akureyrar hefur þann 14. júní 2005 í samræmi við 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga samþykkt tillögu að breytingu á deiliskipulagi Breiðholts, hesthúsa-hverfis. Breytingin felst í því að efst á Miðhúsaklöppum, norðan hesthúsa við Sörlagötu, kemur endurvarpsstöð fyrir farsímakerfi. Afmörkuð er 100 m² lóð og innan hennar gert ráð fyrir tækjaskýli og 16 m háu mastri.

Bæjarstjórn Akureyrar hefur þann 16. ágúst 2005 í samræmi við 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga samþykkt tillögu að eftirtöldum breytingum á deiliskipulagi Krossanesshaga, lóð nr. 8 við Njarðarnes: Lögun byggingarreits breytist, hámarksvegghæð verður 7 m í stað 5 m, innkeyrslur á lóð verða tvær í stað einnar og bílastæðakrafa lækkar í 1 staði á hverja 35 m². Bæjarstjórn hefur lýst því yfir að hún taki að sér að bæta það tjón sem einstakir aðilar kunni að verða fyrir vegna þessara breytinga.

Ofangreindar skipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast þær þegar gildi.

F.h. Akureyrarbæjar, 14. september 2005,

Pétur Bolli Jóhannesson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

AUGLÝSING

um ásetningshlutfall sauðfjár almanaksárið 2006.

Landbúnaðarráðherra hefur í samræmi við ákvæði 3. gr. reglugerðar nr. 524/1998 um útflutning á kindakjöti, með síðari breytingum, ákveðið að til að hljóta undanþágu frá útflutningsskyldu skuli fjöldi vetrarfóðraðra kindra vera að hámarki 0,72 á hvert ærgildi greiðslumarks á því lögbýli, sem undanþegið kann að vera. Undanþága þessi nær til framleiðslu alm-

anaksárið 2006 og skal miða talningu á fjölda sauðfjár við sannreynda talningu búfjáreftrilitsmanns sem framkvæma skal fyrir 15. apríl 2006.

Auglýsing þessi er sett í samræmi við reglugerð nr. 524/1998, um útflutning á kindakjöti með síðari breytingum og með heimild í 6. mgr. 29. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi. Auglýsingin kemur í stað auglýsingar nr. 767 frá 24. september 2004.

Landbúnaðarráðuneytinu, 14. september 2005.

F. h. r.

Ólafur Friðriksson.

Atli Már Ingólfsson.

REGLUGERÐ

um (4.) breytingu á reglugerð nr. 621/2005 um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á grænmeti.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á tilgreindum tímabilum, verð- og magntolli, vegna innflutnings á blómkáli og spergilkáli í 2. gr. reglugerðarinnar:

<i>Tollnúmer:</i>	Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr./kg
0704.1000	Blómkál	19.09.-30.09.05	ótilgr.	0	0
0704.9004	Spergilkál	19.09.-30.09.05	ótilgr.	0	0

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 16. september 2005.

F. h. r.

Ólafur Friðriksson.

Atli Már Ingólfsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 112 – 2005

16. september 2005

1817

Nr. 839

AUGLÝSING

**um breytingu á aðalskipulagi Mosfellsbæjar 2002-2024,
hverfisverndarsvæði og miðsvæði í Urðum.**

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 16. september 2005 staðfest breytingu á aðalskipulagi Mosfellsbæjar 2002-2024, frá 8. júlí 2003.

Breytingin felst í því að hluta hverfisverndar á miðsvæði við miðbæ Mosfellsbæjar er aflétt.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Mosfellsbæjar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 16. september 2005.

Sigríður Anna Þórðardóttir.

Ingibjörg Halldórsdóttir.

STJÓRNARTÍÐINDI B 113 – 2005

Nr. 840

1818

20. september 2005

REGLUGERÐ

um friðun steinbíts á hrygningartíma á Látragrunni.

1. gr.

Frá og með 24. september 2005 til og með 31. mars 2006 eru allar veiðar bannaðar á svæði á Látragrunni, sem markast af línunum, sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

1. $65^{\circ}03'00$ N – $26^{\circ}42'00$ V
2. $65^{\circ}10'00$ N – $26^{\circ}42'00$ V
3. $65^{\circ}10'00$ N – $25^{\circ}43'00$ V
4. $65^{\circ}03'00$ N – $25^{\circ}50'00$ V

2. gr.

Með mál sem kunna að rísa út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála og varða brot viðurlögum samkvæmt ákvæðum 16. gr. laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum 9. gr. laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 20. september 2005.

F. h. r.

Vilhjálmur Egilsson.

Jón B. Jónasson.

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2001-2024, Kópavogstún.

Samkvæmt 2. mgr. 14. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 20. september 2005 staðfest breytingu á svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2001-2024 frá 20. desember 2002.

Í breytingunni felst að fjöldi íbúða á byggðasvæði 15, skv. greinargerð svæðisskipulagsins (Kópavogur vestur), verður 1300 í stað 900.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Kópavogs. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 20. september 2005.

Sigríður A. Þórðardóttir.

Ingibjörg Halldórsdóttir.

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagsáætlunum í Reykjavík.

Laufbrekka, Kjalarnesi.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 8. september 2005 breytingu á deiliskipulagi fyrir jörðina Laufbrekku á Kjalarnesi.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Bjallavað 7 – 11.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti skipulagsráð Reykjavíkur, þann 7. september 2005 breytingu á deiliskipulagi fyrir Norðlingaholt, lóðirnar Bjallavað 7 – 11.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, 20. september 2005.

Helga Bragadóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2001-2024, miðsvæði og íbúðarbyggð við Borgartún - Sóltún.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 20. september 2005 staðfest breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2001-2024, 20. desember 2002.

Breytingin felst í því að mörk miðsvæðis og íbúðarbyggðar við Borgartún – Sóltún breytast þannig að svæði fyrir íbúðarbyggð stækkar til norðurs og miðsvæði minnkar sem því nemur.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki borgarráðs Reykjavíkur. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar. Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisstofnun, 20. september 2005.

Sigríður A. Þórðardóttir.

Ingibjörg Halldórsdóttir.

STJÓRNARTÍÐINDI B 114 – 2005

20. september 2005

1821

Nr. 844

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Kópavogi.

Vatnsendi. Athafnasvæði við Víkurhvarf. Deiliskipulag.

Í samræmi við 1. mgr. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, samþykkti bæjarráð Kópavogs þann 9. október 2003 tillögu að breyttu deiliskipulagi athafnasvæðis við Víkurhvarf í norðanverðu Vatnsendahvarfi. Í breytingunni felst að einni lóð innan svæðisins er skipt upp í átta lóðir. Á sex lóðanna verða 2ja hæða hús með aðkomu ýmist að neðri hæð eða báðum hæðum en á tveimur lóðum verða vöruskemmur með möguleika á skrifstofuhæð. Aðkoma að lóðunum verður frá nýrri húsagötu innan svæðisins. Tilagan gerir ráð fyrir að heildarbyggingarmagn svæðisins haldist óbreytt.

Í samræmi við 3. mgr. 25. gr. var Skipulagsstofnun sent samþykkt deiliskipulag. Í bréfum Skipulagsstofnunarinnar dags. 8. janúar 2004 og 19. september 2005, er bent á ákvæði skipulagsreglugerðar nr. 4.18.2 vegna jarðsprungu sem kom í ljós á einni af fyrirhuguðum lóðum innan deiliskipulagssvæðisins. Í greinargerð Verkfræðistofunnar Línuhönnunar dags. 6. september 2005, vegna framangreindrar ábendingar, er rökstutt, eftir úttekt á sprungu, að með ákveðnum ráðstöfunum við burðarþolshönnun og grundun mannvirkja er hægt að bregðast við og lágmarka skemmdir ef til hreyfinga kæmi. Um frekari upplýsingar vísast til greinargerðar.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Nánari upplýsingar eða gögn um ofangreinda deiliskipulagsáætlun og afgreiðslu hennar er hægt að nálgast á bæjarskipulagi Kópavogs, Fannborg 6, 200 Kópavogi, milli kl. 8.00 og 16.00 mánudaga til fimmtudaga og á föstudögum frá kl. 8.00 til 14.00.

Kópavogi, 20. september 2005.

Birgir H. Sigurðsson skipulagsstjóri.

STJÓRNARTÍÐINDI B 115 – 2005

Nr. 845

1822

REIKNINGUR

Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga árið 2002.

Rekstrarreikningur árið 2002

Tekjur	kr.
Framlag ríkissjóðs	5.800.473.000
Framlag sveitarfélaga	<u>3.481.995.511</u>
Tekjur alls	<u>9.282.468.511</u>
Framlög	
Bundin framlög	996.886.462
Sérstök framlög	819.813.850
Jöfnunarframlög	2.599.210.532
Jöfnun tekjutaps v/fasteignaskatts	1.487.478.005
Húsaleigubætur	538.847.300
Jöfnunarframlög til grunnskóla	3.418.979.982
Stofnkostnaðarframlög	200.000.000
Framlög til vatnsveitna á lögbýlum	<u>22.273.990</u>
Framlög alls	<u>10.083.490.121</u>
Rekstrarkostnaður:	
Laun og launatengd gjöld	19.990.437
Annar rekstrarkostnaður	<u>24.268.811</u>
Rekstrarkostnaður samtals	<u>44.259.248</u>
Eignakaup	4.906.074
Gjöld alls	<u>10.132.655.443</u>
(Tekjuhalli)	(<u>850.186.932</u>)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	<u>139.132.794</u>
(Halli) / hagnaður ársins	(<u><u>711.054.138</u></u>)
Efnahagsreikningur 31. desember 2002	
Veltufjármunir	
Áfallnar vaxtatekjur	56.482.247
Aðrar skammtímakröfur	<u>9.945.758</u>
Skammtímakröfur samtals	<u>66.428.005</u>
Handbært fé:	
Bankareikningar	<u>671.287.185</u>
Eignir alls	<u><u>737.715.190</u></u>

Skuldir og eigið fé**kr.****Eigið fé:**Höfuðstóll 375.039.203**Skammtímaskuldir:**

Ríkissjóður 108.755.099

Ógreiddur fjármagnstekjuskattur 5.648.233

Ógreidd framlög 56.974.851

Aðrar skammtímaskuldir 191.297.804Skammtímaskuldir samtals 362.675.987Skuldir samtals 362.675.987**Skuldir og eigið fé alls**737.715.190**Sjóðstreymi árið 2002****Handbært fé frá rekstri***Veltufé frá rekstri:*

(Halli) hagnaður ársins (711.054.138)

Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:

Skammtímakröfur (hækkun) 327.080.168

Skammtímaskuldir (lækkun) (37.281.934)

Breyting samtals 289.798.234

Handbært fé frá rekstri (421.255.904)

Handbært fé í ársbyrjun 1.092.543.089Handbært fé í árslok 671.287.185**Áritun endurskoðenda**

Til ráðgjafarnefndar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

Við höfum endurskoðað ársreikning Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir árið 2002. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi og skýringar nr. 1-22. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því áliti sem látið er í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við ákvæði laga um Ríkisendurskoðun og góða endurskoðunarvenju en í því felst m.a.:

- að sannreyna að ársreikningurinn sé í öllum meginatriðum án annmarka,
- að kanna innra eftirlit og meta hvort það tryggir viðeigandi árangur,
- að kanna hvort reikningar séu í samræmi við heimildir fjárlaga, fjáráukalaga og annarra laga, lögmæt fyrirmæli, starfsvenjur og rekstrarverkefni þar sem við á,
- að kanna og votta áreiðanleika kennitalna um umsvif og árangur af starfseminni ef þær eru birtar með ársreikningi.

Endurskoðunin felur meðal annars í sér úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem beitt er við gerð hans og framsetningu í heild og gilda um A-hluta stofnanir. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga á árinu 2002, efnahag 31. desember 2002 og breytingu á handbæru fé á árinu 2002 í samræmi við lög, reglur og góða reikningsskilavenju fyrir A-hluta stofnanir.

Ríkisendurskoðun, 19. ágúst 2003.

Sigurður Þórðarson
ríkisendurskoðandi.

Sigurgeir Bóasson
endurskoðandi.

Staðfesting ársreiknings

Ársreikningur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga er gerður í samræmi við lög um fjárreiður ríkisins og eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Á árinu 2002 varð halli af rekstri Jöfnunarsjóðsins er nam 711.054 þús. kr. Eigið fé sjóðsins í árslok 2002 var 375.039 þús. kr.

Félagsmálaráðherra og formaður ráðgjafarnefndar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga staðfesta ársreikning Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir árið 2002 með áritun sinni.

Reykjavík, 19. ágúst 2003.

Árni Magnússon
félagsmálaráðherra.

Húnbogi Þorsteinsson,
formaður ráðgjafarnefndar.

REIKNINGUR

Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga árið 2003.

Rekstrarreikningur árið 2003

Tekjur	kr.
Framlag ríkissjóðs	6.552.541
Framlag sveitarfélaga	3.691.460
Tekjur alls	10.244.001

Framlög

	kr.
Bundin framlög	1.045.045
Sérstök framlög	2.274.437
Jöfnunarframlög	3.077.209
Jöfnunarframlög til grunnskóla	3.624.135
Stofnkostnaðarframlög	<u>200.000</u>
Framlög alls	<u>10.220.826</u>

Rekstrarkostnaður

Laun og launatengd gjöld	23.491
Annar rekstrarkostnaður	<u>12.432</u>
Rekstrarkostnaður samtals	35.923
Eignakaup	<u>123</u>
Gjöld alls	<u>10.256.872</u>

Rekstrarhalli fyrir fjármagnsgjöld	(12.871)
Fjármunatekjur, fjármagnsgjöld	<u>108.559</u>
Tekjuafgangur (halli)	<u>95.688</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2003**Eignir**

Veltufjármunir:	
Ríkissjóður	47.663
Áfallnar vaxtatekjur	86.567
Aðrar skammtímakröfur	<u>25.272</u>
Skammtímakröfur samtals	<u>159.502</u>

Handbært fé:	
Bankareikningar	<u>564.141</u>

Eignir alls	<u><u>723.643</u></u>
--------------------	-----------------------

Skuldir og eigið fé

Eigið fé:	
Höfuðstóll	<u>470.727</u>

Skammtímaskuldir:

Ríkissjóður	0
Ógreiddur fjármagnstekjuskattur	8.657
Ógreidd framlög	75.917
Aðrar skammtímaskuldir	<u>168.342</u>
Skammtímaskuldir samtals	<u>252.916</u>

Skuldir samtals	<u>252.916</u>
-----------------	----------------

Skuldir og eigið fé alls	<u><u>723.643</u></u>
---------------------------------	-----------------------

Sjóðstreymi árið 2003**Rekstrarhreyfingar***Veltufé frá rekstri:*

Rekstrarafgangur (halli) samkvæmt rekstrarreikningi	kr. 95.688
Veltufé frá rekstri	95.688

Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:

Skammtímakröfur (hækkun), lækkun	(45.411)
Skammtímaskuldir (lækkun), hækkun	(1.005)
	(46.416)

Handbært fé frá rekstri	49.272
--------------------------------	---------------

Fjármögnunarhreyfingar*Breyting á stöðu við ríkissjóð:*

Framlag ríkissjóðs	(6.552.534)
Greitt úr ríkissjóði	6.396.116
	(156.418)

Hækkun (lækkun) á handbæru fé	(107.146)
-------------------------------------	-------------

Handbært fé í ársbyrjun	671.287
-------------------------------	---------

Handbært fé í árslok	<u>564.141</u>
----------------------------	----------------

Áritun endurskoðenda

Til félagsmálaráðuneytisins og ráðgjafarnefndar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

Við höfum endurskoðað ársreikning Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir árið 2003. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi og skýringar nr. 1-18. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því áliti sem látið er í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við ákvæði laga um Ríkisendurskoðun og góða endurskoðunarvenju en í því felst m.a.:

- að sannreyna að ársreikningurinn sé í öllum meginatriðum án annmarka,
- að kanna innra eftirlit og meta hvort það tryggir viðeigandi árangur,
- að kanna hvort reikningar séu í samræmi við heimildir fjárlaga, fjáráukalaga og annarra laga, lögmæt fyrirmæli, starfsvenjur og rekstrarverkefni þar sem við á,
- að kanna og votta áreiðanleika kennitalna um umsvif og árangur af starfseminni ef þær eru birtar með ársreikningi.

Endurskoðunin felur meðal annars í sér úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem beitt er við gerð hans og framsetningu í heild og gilda um A-hluta stofnanir. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga á árinu 2003, efnahag 31. desember 2003 og breytingu á handbæru fé á árinu 2003 í samræmi við lög, reglur og góða reikningsskilavenju fyrir A-hluta stofnanir.

Ríkisendurskoðun, 23. ágúst 2004.

Sigurður Þórðarson
ríkisendurskoðandi.

Sigurgeir Bóasson
endurskoðandi.

Staðfesting ársreiknings

Ársreikningur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga er gerður í samræmi við lög um fjárreiður ríkisins og eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Á árinu 2003 varð tekjuafgangur af rekstri Jöfnunarsjóðsins er nam 95.688 þús. kr. Eigið fé sjóðsins í árslok 2003 var 470.727 þús. kr.

Félagsmálaráðherra og formaður ráðgjafarnefndar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga staðfesta ársreikning Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir árið 2003 með áritun sinni.

Reykjavík, 23. ágúst 2004.

Árni Magnússon
félagsmálaráðherra.

Húnbogi Þorsteinsson,
formaður ráðgjafarnefndar.

Nr. 847

REIKNINGUR

Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga árið 2004.

Rekstrarreikningur árið 2004

Tekjur	kr.
Framlag ríkissjóðs	7.209.316
Framlag sveitarfélaga	3.972.536
Tekjur alls	<u>11.181.852</u>
 Framlög	
Bundin framlög	1.006.739
Sérstök framlög	2.743.576
Jöfnunarframlög	3.242.920
Jöfnunarframlög til grunnskóla	3.900.770
Stofnkostnaðarframlög	200.000
Framlög alls	<u>11.094.005</u>

Rekstrarkostnaður:

Laun og launatengd gjöld	Kr. 20.952
Annar rekstrarkostnaður	15.100
Rekstrarkostnaður samtals	36.052
Eignakaup	577
Gjöld alls	11.130.634

Rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsgjöld	51.218
Fjármunatekjur, fjármagnsgjöld	100.819
Tekjuafgangur ársins.....	152.037

Efnahagsreikningur 31. desember 2004**Eignir****Veltufjármunir:**

Ríkissjóður	209.704
Áfallnar vaxtatekjur	85.569
Aðrar skammtímakröfur	14.454
Skammtímakröfur samtals	309.727

Handbært fé:	
Bankareikningar	805.994

Eignir alls	1.115.721
--------------------	------------------

Skuldir og eigið fé**Eigið fé:**

Höfuðstóll	622.764
------------------	---------

Skammtímaskuldir:

Ógreiddur fjármagnstekjuskattur	8.557
Ógreidd framlög	285.498
Aðrar skammtímaskuldir	198.902
Skammtímaskuldir samtals	492.957

Skuldir samtals	492.957
-----------------	---------

Skuldir og eigið fé alls	1.115.721
---------------------------------	------------------

Sjóðstreymi árið 2004**Rekstrarhreyfingar:***Veltufé frá rekstri:*

Rekstrarafgangur (halli) samkvæmt rekstrarreikn	152.037
Veltufé frá rekstri	152.037

Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:

	Kr.
Skammtímakröfur (hækkun), lækkun	11.816
Skammtímaskuldir (lækkun), hækkun	240.041
	<u>251.857</u>

Handbært fé frá rekstri 403.894

Fjármögnunarhreyfingar:*Breyting á stöðu við ríkissjóð:*

Framlag ríkissjóðs	(7.209.316)
Greitt úr ríkissjóði	7.047.275
	<u>(162.041)</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé	241.853
Handbært fé í ársbyrjun	<u>564.141</u>
Handbært fé í árslok	<u>805.994</u>

Áritun endurskoðenda

Til félagsmálaráðuneytisins og ráðgjafarnefndar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

Við höfum endurskoðað ársreikning Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir árið 2004. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi og skýringar nr. 1-18. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því álit sem látið er í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við ákvæði laga um Ríkisendurskoðun og góða endurskoðunarvenju en í því felst m.a.:

- að sannreyna að ársreikningurinn sé í öllum meginatriðum án annmarka,
- að kanna innra eftirlit og meta hvort það tryggir viðeigandi árangur,
- að kanna hvort reikningar séu í samræmi við heimildir fjárlaga, fjáraukalaga og annarra laga, lögmæt fyrirmæli, starfsvenjur og rekstrarverkefni þar sem við á,
- að kanna og votta áreiðanleika kennitalna um umsvif og árangur af starfseminni ef þær eru birtar með ársreikningi.

Endurskoðunin felur meðal annars í sér úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem beitt er við gerð hans og framsetningu í heild og gilda um A-hluta stofnanir. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga á árinu 2004, efnahag 31. desember 2004 og breytingu á handbæru fé á árinu 2004 í samræmi við lög, reglur og góða reikningsskilavenju fyrir A-hluta stofnanir.

Ríkisendurskoðun, 19. ágúst 2005.

Sigurður Þórðarson
ríkisendurskoðandi.

Staðfesting ársreiknings

Ársreikningur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga er gerður í samræmi við lög um fjárreiður ríkisins og eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Á árinu 2004 varð tekjuafgangur af rekstri Jöfnunarsjóðsins er nam 152.037 þús. kr. Eigið fé sjóðsins í árslok 2004 var 622.764 þús. kr.

Félagsmálaráðherra og formaður ráðgjafarnefndar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga staðfesta ársreikning Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir árið 2004 með áritun sinni.

Reykjavík, 19. ágúst 2005.

Árni Magnússon
félagsmálaráðherra.

Herdís Á. Sæmundardóttir,
formaður ráðgjafarnefndar.

REGLUGERÐ

um þjóðgarðinn á Þingvöllum, verndun hans og meðferð.

1. gr.

Tilgangur og gildissvið.

Tilgangur reglugerðar þessarar er að stuðla að varðveislu þjóðgarðsins á Þingvöllum, friðlýstum helgistað íslensku þjóðarinnar, verndun náttúru, lífríkis og sögulegra minja með það að markmiði að gæta ásýndar þjóðgarðsins og viðhalda þar upprunalegu náttúrufari.

Reglugerðinni er ennfremur ætlað að efla fræðslu ferðamanna, bæði innlendra og erlendra, um þjóðgarðinn, samspil sögu og náttúru.

Þjóðgarðurinn á Þingvöllum hefur verið skráður á heimsminjaskrá UNESCO og hefur hlotið alþjóðlega viðurkenningu sem verndarsvæði vegna einstaks menningarlandslags.

2. gr.

Þingvallanefnd.

Þjóðgarðurinn á Þingvöllum er undir stjórn Þingvallanefndar. Starfsstöð og varnarþing Þingvallanefndar er á Þingvöllum en Þingvallanefnd rekur einnig skrifstofu í Reykjavík.

Þingvallanefnd er stjórnsýslunefnd og heyrir undir forsætisráðuneyti og eru ákvarðanir hennar kærarlegar til ráðuneytisins. Þingvallanefnd er skipuð sjö mönnum kosnum af Alþingi og sjö mönnum til vara. Umboð þeirra varir þar til ný nefnd hefur verið kjörin. Forsætisráðherra skipar formann og varaformann úr hópi aðalmanna en nefndin skiptir að öðru leyti sjálf með sér verkum.

Formaður Þingvallanefndar boðar fundi eftir þörfum. Skyld er formanni að boða til fundar ef þjóðgarðsvörður eða þrír nefndarmenn óska þess. Formaður stýrir nefndarfundum. Nefndin skal funda að minnsta kosti ársfjórðungslega. Nefndin er ályktunarhæf þegar meirihluti nefndarmanna situr fund. Afl atkvæða ræður úrslitum. Verði atkvæði jöfn telst tillaga felld. Þóknun nefndarmanna ákveður forsætisráðherra.

Til að skuldbinda Þingvallanefnd þarf undirskrift formanns og þjóðgarðsvarðar.

3. gr.

Hlutverk Þingvallanefndar.

Lögbundið hlutverk Þingvallanefndar er eftirfarandi:

1. Að varðveita ásýnd þjóðgarðsins, viðhalda þar upprunalegu náttúrufari og dýralífi.
2. Að stuðla að verndun Þingvallavatns og lífríkis þess.
3. Að hafa eftirlit með framkvæmdum innan þjóðgarðsins.
4. Að taka ákvarðanir um kaup eða eignarnám á einstökum fasteignum í samræmi við fjárheimildir.
5. Að ráða þjóðgarðsvörð fyrir þjóðgarðinn.

Þingvallanefnd mótar starfsemi þjóðgarðsins í samræmi við lög um þjóðgarðinn og stöðu Þingvalla á heimsminjaskránni.

Þingvallanefnd markar almenna stefnu þjóðgarðsins til lengri tíma og tekur ákvarðanir um nýtingu og vernd hans.

4. gr.

Þjóðgarðsvörður og aðrir starfsmenn.

Þingvallanefnd ræður þjóðgarðsvörð fyrir þjóðgarðinn á Þingvöllum. Þjóðgarðsvörður ber ábyrgð gangvart Þingvallanefnd. Nefndin gerir við hann ráðningarsamning í samráði við forsætisráðuneyti.

Þjóðgarðsvörður ræður starfsfólk þjóðgarðsins í samræmi við þarfir þjóðgarðsins og fjárheimildir á hverjum tíma. Hann leggur skipurit fyrir Þingvallanefnd til samþykktar.

Öll mál er varða lögbundið hlutverk Þingvallanefndar eða nýtingu þjóðgarðsins skal þjóðgarðsvörður bera undir Þingvallanefnd.

Þjóðgarðsvörður hefur umboð til þess að svara erindum sem varða málefni þar sem skýr stefna Þingvallanefndar hefur þegar verið mótuð.

Þjóðgarðsvörður undirbýr og situr fundi Þingvallanefndar og hefur þar málfrelsi og til-lögurétt. Þjóðgarðsvörður færir efni funda og ákvarðanir nefndarinnar í gerðabók og sér til þess að ákvarðanir nefndarinnar nái fram að ganga.

5. gr.

Hlutverk og starfsskyldur þjóðgarðsvarðar.

Hlutverk og starfsskyldur þjóðgarðsvarðar eru eftirfarandi:

- a. Hlutverk þjóðgarðsvarðar er að annast og bera ábyrgð á rekstri þjóðgarðsins á Þingvöllum.
- b. Þjóðgarðsvörður ber ábyrgð á fjárreiðum þjóðgarðsins og gerir fjárhags-, rekstrar- og framkvæmdaáætlanir fyrir þjóðgarðinn í upphafi hvers starfsárs. Allar áætlanir skulu lagðar fyrir Þingvallanefnd til samþykktar.
- c. Þjóðgarðsvörður fylgir fjárlagatillögum eftir til forsætisráðuneytis og kemur fram gagnvart ráðuneytinu varðandi einstök úrlausnarefni hverju sinni.
- d. Þjóðgarðsvörður er tengiliður á milli almennings, lóðarleiguhafa, ábúenda og Þingvallanefndar.
- e. Þjóðgarðsvörður er tengiliður á milli sveitarfélagsins Bláskógabyggðar og Þingvallanefndar.
- f. Þjóðgarðsvörður er tengiliður á milli Fornleifaverndar, Umhverfisstofnunar, Náttúruverndar og annarra stofnana sem gegna lögbundnu hlutverki í málefnum sem varða þjóðgarðinn.
- g. Þjóðgarðsvörður heldur utan um og skráir öll erindi sem berast Þingvallanefnd.
- h. Þjóðgarðsvörður annast samningagerð við lóðarleiguhafa og hefur eftirlit með inn-

heimtu lóðarleigugjalda og eftirlit með því að lóðarleiguhafar efni skuldbindingar sínar samkvæmt lóðarleigusamningi. Þjóðgarðsvörður annast einnig innheimtu gjalda svo sem vegna tjaldsvæða og veiðileyfa.

- i. Þjóðgarðsvörður er ábyrgur fyrir þjónustu við ferðamenn og aðra gesti, sér um og skipuleggur fræðslustarf og gönguferðir fyrir gesti þjóðgarðsins. Þjóðgarðsvörður sér um gerð og viðhald göngustíga sem miða að því að tryggja öryggi og aðgengi gesta þjóðgarðsins.
- j. Þjóðgarðsvörður sinnir öðrum verkefnum sem Þingvallanefnd felur honum og falla innan starfssviðs hans, í samræmi við starfslýsingu í ráðningarsamningi.

6. gr.

Tekjur Þingvallanefndar.

Tekjur Þingvallanefndar eru eftirfarandi:

- a. Fjárveiting úr ríkissjóði samkvæmt fjárlögum.
- b. Tekjur af lóðarleigu samkvæmt ákvæðum lóðarleigusamninga.
- c. Tekjur af rekstri þjónustumiðstöðvar í þjóðgarðinum og fræðslumiðstöðvar á Hakinu.
- d. Sala á fræðsluritum og kynningarefni um þjóðgarðinn á Þingvöllum.
- e. Gestagjöld fyrir veitta þjónustu, veiðileyfi og dvöl í þjóðgarðinum. Forsætisráðherra staðfestir reglur um gestagjöld samkvæmt tillögu Þingvallanefndar.
- f. Aðrar tekjur sem til kunna að falla.

Tekjur Þingvallanefndar renna óskiptar til lögbundins rekstrar þjóðgarðsins á Þingvöllum.

7. gr.

Samskipti Þingvallanefndar og almennings.

Öllum erindum varðandi rekstur þjóðgarðsins skal beint til þjóðgarðsvarðar.

Tryggja skal gott aðgengi, hreinlætisaðstöðu og öryggi almennings í þjóðgarðinum. Samið skal kynningarefni um þjóðgarðinn og sögu hans. Skal kynningarefnið vera aðgengilegt almenningi á íslensku og ensku á heimasíðu Þingvallanefndar og einnig skal því dreift í prentuðu formi.

Aðstaða fyrir gesti þjóðgarðsins skal vera góð og aðgangur tryggður að markverðustu stöðum innan þjóðgarðsins. Merkja skal þessa staði bæði á íslensku og ensku. Fræðsla og kynning á helstu göngu- og reiðleiðum innan þjóðgarðsins skal vera í boði. Allir stígar skulu miða að því eins og kostur er að gera aðgang og aðgengi alls almennings sem best og tryggast án þess að skerða ásjón þjóðgarðsins.

8. gr.

Samskipti Þingvallanefndar og þeirra aðila sem hagsmuni eiga í þjóðgarðinum.

Erindi þeirra sem hagsmuni eiga í þjóðgarðinum, lóðarleiguhafa, ábúenda og annarra skulu send til þjóðgarðsvarðar sem svarar erindum fyrir hönd Þingvallanefndar.

Við gerð lóðarleigusamninga skal Þingvallanefnd mæla fyrir um forkaupsrétt ríkisins við sérhver aðilaskipti að beinum eða óbeinum eignarréttindum innan þjóðgarðsins.

9. gr.

Samþykki Þingvallanefndar skv. 5. gr. laga nr. 47/2004.

Óheimilt er að gera nokkurt jarðrask eða reisa mannvirki innan þjóðgarðsins nema með skriflegu samþykki Þingvallanefndar og tekur bann þetta m.a. til húsbygginga, vegagerðar,

lagningar raf- og símalína, borunar eftir vatni, töku jarðefna og vinnslu auðlinda úr jörðu og ræktunarframkvæmda.

Sé framkvæmd sem fellur undir 1. mgr. háð byggingarleyfi frá byggingar- og skipulagsyfirvöldum í Bláskógabyggð skal fyrst beina umsókn um byggingarleyfi til Bláskógabyggðar í tvíriti. Skipulags- og byggingaryfirvöld Bláskógabyggðar skulu í slíkum tilvikum leita eftir samþykki Þingvallanefndar skv. 1. mgr. áður en byggingarleyfi er veitt. Skulu þau synja útgáfu byggingarleyfis ef Þingvallanefnd veitir ekki samþykki sitt skv. 1. mgr.

Við mat á því hvort Þingvallanefnd veiti samþykki sitt skv. 1. mgr. skal nefndin hafa í huga umhverfissjónarmið, aðgengi almennings, jarðrask og upprunalegt náttúrufar. Þá skal framkvæmdin vera í samræmi við byggingarskilmála Þingvallanefndar á hverjum tíma og þau markmið um verndun þjóðgarðsins sem lýst er í lögum og reglugerð þessari.

10. gr.

Framkvæmdir innan þjóðgarðsins á vegum Þingvallanefndar.

Þingvallanefnd skal afla samþykkis bygginga- og skipulagsyfirvalda Bláskógabyggðar fyrir öllum framkvæmdum á vegum nefndarinnar sem heyra undir ákvæði laga þar að lútandi.

11. gr.

Jarðmyndanir, gróður, dýralíf og náttúruminjar.

Almenningi er ekki heimilt að gróðursetja í þjóðgarðinum. Ekki er heimilt að fjarlægja eða skemma gróður eða aðrar náttúruminjar í þjóðgarðinum. Ekki er heimilt að kveikja eld í þjóðgarðinum. Gæta skal þess jafnframt að raska ekki dýralífi innan þjóðgarðsins.

Innan þjóðgarðsins er óheimilt að gera nokkuð það sem getur spillt eða mengað vatn þar, bæði vatn á yfirborði og grunnvatn eða getur raskað búsvæðum eða hrygningarstöðvum bleikjuafbrigða og urriðastofna sem lifa í vatninu.

Þingvallanefnd er heimilt að gera ráðstafanir til að vernda fiskistofna í Öxará og Þingvallavatni.

Kvikmyndataka í þjóðgarðinum í atvinnuskyni er háð samþykki Þingvallanefndar eða þjóðgarðsvarðar í umboði hennar.

Öll umferð vélsleða og vélhjóla í þjóðgarðinum er bönnuð.

Öll köfun í gjám í þjóðgarðinum er bönnuð nema á þeim svæðum og árstíma sem Þingvallanefnd kveður sérstaklega á um. Skulu kafarar virða þær reglur sem Þingvallanefnd setur þar að lútandi.

Öll skotveiði er bönnuð í þjóðgarðinum en Þingvallanefnd er heimilt að gera ráðstafanir til eyðingar á dýrum eftir því sem þörf krefur vegna friðunar þjóðgarðsins.

Öll umferð olíuflutningabíreiða og/eða flutningur annarra hættulegra og mengandi efna er bannaður í þjóðgarðinum.

Við gróðursetningu trjáplantna og jurta innan þjóðgarðsins skal tekið mið af upprunalegum gróðri innan garðsins og getur Þingvallanefnd látið fjarlægja gróður, sé þessi regla ekki virt.

Takmarka má hundahald innan þjóðgarðsins.

Almenningur, hvort heldur sem er fótgangandi, á hestum eða akandi, skal fara eftir reglum Þingvallanefndar um umgengni og umferð í þjóðgarðinum á hverjum tíma.

Þingvallanefnd getur vikið frá bannákvæðum með sérstöku skriflegu samþykki.

12. gr.

Viðurlög.

Brot á reglugerð þessari varðar sektum eða fangelsi ef sakir eru miklar. Mál út af brotum sæta meðferð opinberra mála.

13. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 7. gr. laga um þjóðgarðinn á Þingvöllum nr. 47/2004, öðlast þegar gildi. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð um gestagjöld á Þingvöllum nr. 300/1996.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þingvallanefnd sem nú situr skal halda umboði sínu þar til ný nefnd hefur verið kjörin í samræmi við ákvæði 2. mgr. 2. gr.

Skylt er formanni Þingvallanefndar að boða til fundar ef þjóðgarðsvörður eða tveir nefndarmenn óska þess.

Þrátt fyrir ákvæði 13. gr. skal 2. ml. 2. mgr. 2. gr. ekki öðlast gildi fyrr en eftir næstu alþingiskosningar.

Forsætisráðuneytinu, 12. september 2005.

Halldór Ásgrímsson.

Bolli Þór Bollason.

GJALDSKRÁ**um gatnagerðargjöld í Hvalfjarðarstrandarhreppi.**

1. gr.

Almenn heimild.

- 1.1 Af öllum nýbyggingum svo og stækkunum eldri húsa, sem eru á eignar- eða leigulóð í Hvalfjarðarstrandarhreppi, skal greiða gatnagerðargjald til sveitarsjóðs samkvæmt gjaldskrá þessari, sbr. heimild í lögum um gatnagerðargjald nr. 17/1996 og reglugerð um gatnagerðargjald nr. 543/1996.
- 1.2 Gatnagerðargjaldi skal varið til gatnagerðar í sveitarfélaginu, svo sem til að undirbyggja götur með tilheyrandi lögnum, m.a. vegna götulýsingar og til að leggja bundið slitlag, gangstéttir, ganga frá umferðareyjum svo og til annarra slíkra framkvæmda sem gert er ráð fyrir í skipulagi.
- 1.3 Gatnagerðargjald skal ekki leggja á byggingar sem reistar eru utan þéttbýlissvæða, þ.e. á byggingar utan skipulagðra þéttbýlissvæða og þar sem gatnakerfi sveitarfélagsins nær ekki til.

2. gr.

Gatnagerðargjald.

- 2.1 Af hverjum rúmmetra húss greiðist ákveðinn hundraðshluti byggingarkostnaðar á rúmmetra, í vísitöluhúsi fjölbýlis, eins og hann er á hverjum tíma samkvæmt útreikningum Hagstofu Íslands á grundvelli laga nr. 42/1987.
- 2.2 Hundraðshluti byggingarkostnaðar ákvarðast eftir hústegund svo sem hér segir:

a) Einbýlishús	7,00%
b) Par-, rað- og fjöleignarhús (1-5 íbúðir)	6,00%
c) Fjöleignarhús (6 íbúðir eða fleiri)	4,50%
d) Annað húsnaði (bílgeymslu-, verslunar-, iðnaðar- og gripahús)	4,00%

- 2.3 Rúmmál byggingar skal reikna samkvæmt IST-50 og miða við brúttóstærðir samkvæmt samþykktum teikningum, þ.m.t. bílgeymslur og önnur útihús.
- 2.4 Af endurbyggingu þaka íbúðarhúsa, án aukningar á nýtingu skal ekki greiða gatnagerðargjald.
- 2.5 Af gluggalausum kjallarárými íbúðarhúsa sem myndast þegar hagkvæmara er að grafa út grunn en fylla hann upp skal greiða 25% af venjulegu rúmmetragjaldi, enda sé aðeins gengt í það rými innan frá.
- 2.6 Í iðnaðarhúsnæði sem vegna starfsemi sinnar þarf meira en 4,0 metra lofthæð, skal hámarkslofthæð að jafnaði reiknast 4,0 metrar við útreikning rúmmetragjalds.

3. gr.

Áætlun gatnagerðargjalds.

- 3.1 Nú er ekki fyrirbyggjandi samþykktur uppdráttur og skal þá miða við eftirfarandi lágmarksstærðir fyrir hverja íbúð í húsi:

a) Einbýlishús	500 m ³
b) Par-, rað- og fjöleignarhús (mest 4 íbúðir), hver íbúð	400 m ³
c) Fjöleignarhús (5 íbúðir eða fleiri), hver íbúð	300 m ³
- 3.2 Í öllu öðru húsnæði skal við útreikning gatnagerðargjalds miða við lofthæð 4,0 metra nema uppdráttur sýni annað. Áætla skal nýtingarhlutfall lóðar 0,3-0,5 eftir nánari ákvörðun skipulags- og byggingarnefndar hverju sinni, ef það er ekki bundið að öðru leyti í samþykktu deiliskipulagi.
- 3.3 Framangreindar reglur 1. og 2. mgr. gilda ef hús er stækkað, að því er til stækkunarinnar tekur.
- 3.4 Endanlegt gatnagerðargjald skal reikna skv. 2. gr. þegar samþykktur uppdráttur liggur fyrir og það greitt við veitingu byggingarleyfis.

4. gr.

Um lækkun gatnagerðargjalda og frestun innheimtu.

- 4.1 Sveitarstjórn getur ákveðið lægra gatnagerðargjald en skv. 2. eða 3. gr. þegar byggingar eru mjög sérhæfðar og/eða afbrigðilegar um notkun eða aðrar sérstaklega tilgreindar ástæður liggja fyrir.
- 4.2 Sveitarstjórn er heimilt að fresta innheimtu gatnagerðargjalds af tekjulágum eigendum fasteigna, sem náð hafa 67 ára aldri og þeim sem eiga við langvarandi veikindi eða örorku að stríða.
- 4.3 Verði eigendaskipti að húseign þar sem frestað hefur verið innheimtu á gatnagerðargjaldi, skal sveitarstjórn heimilt að leggja á gjaldið eins og það var þegar álagning fór fram með áorðnum breytingum á byggingarvísitölu, enda sé kvöðinni þinglýst á viðkomandi eign.

5. gr.

Álagning gatnagerðargjalds m.a. ef hús er rífið eða það brennur.

- 5.1 Þegar hús er rífið eða fjarlægt af lóð og nýtt byggt í þess stað, er heimilt að innheimta gatnagerðargjald sem stækkuninni nemur skv. 2. gr. Sama gildir ef hús brennur eða eyðileggst af öðrum orsökum og byggt er nýtt hús á lóðinni.

6. gr.

Greiðsla gatnagerðargjalds.

- 6.1 Greiða skal 50% gatnagerðargjalds innan eins mánaðar frá lóðarveitingu og eftirstöðvar við veitingu byggingarleyfis.

- 6.2 Sveitarstjórn getur veitt sérstakan greiðslufrest á gatnagerðargjaldi þegar byggt er atvinnuhúsnæði eða húsnæði til endursölu. Skal þá greitt samkvæmt greiðslusamningi sem kveði á um skilmála og greiðslukjör.

7. gr.

Endurgreiðsla gatnagerðargjalds.

- 7.1 Gatnagerðargjald skal endurgreitt í eftirtöldum tilvikum:
- a) Ef lóðarhafi skilar lóð eða ef lóðarúthlutun er afturkölluð.
 - b) Ef gatnagerðargjaldið hefur verið greitt í tengslum við útgáfu byggingarleyfis en leyfið fellur úr gildi.
- 7.2 Endurgreiðsla gatnagerðargjalds skv. a-lið 1. mgr. er heimilt að fresta þar til lóð er úthlutað að nýju, þó ekki lengur en í 6 mánuði. Frestur til endurgreiðslu er í öðrum tilvikum einn mánuður frá því að lóðarhafi krefst endurgreiðslu gatnagerðargjalds skv. b-lið 1. mgr.
- 7.3 Gatnagerðargjald skal endurgreitt með verðbótum miðað við vísitölu byggingarkostnaðar frá því að lóðarhafi greiddi gatnagerðargjaldið til endurgreiðsludags.

8. gr.

Heimild til afturköllunar lóðarúthlutunar.

- 8.1 Nú greiðir lóðarhafi ekki gatnagerðargjald á tilskildum tíma og er sveitarstjórn þá heimilt að afturkalla lóðarúthlutun.
- 8.2 Ennfremur er sveitarstjórn heimilt að afturkalla lóðarúthlutun hafi lóðarhafi ekki hafið framkvæmdir innan eins árs frá því að lóð var úthlutað.

9. gr.

Ábyrgð á greiðslu gatnagerðargjalds. Lögveðréttur.

- 9.1 Lóðarhafi ber ábyrgð á greiðslu gatnagerðargjalds.
- 9.2 Gatnagerðargjald, ásamt áföllnum vöxtum og kostnaði, er tryggt með lögveðrétti í viðkomandi fasteign með forgangsrétti fyrir hvers konar samnings- eða aðfararveði.
- 9.3 Lögveðrétturinn helst þótt samið hafi verið um greiðslufrest skv. 2. mgr. 6. gr.

10. gr.

Um eldri samninga og gatnagerðargjöld, álögð fyrir 1. janúar 1997.

- 10.1 Samningar og skilmálar um gatnagerðargjöld og álögð gatnagerðargjöld fyrir 1. janúar 1997, skulu halda gildi sínu og innheimtast skv. heimild til bráðabirgða í lögum um gatnagerðargjald nr. 17/1996, sbr. 15. gr. reglugerðar um gatnagerðargjald nr. 543/1996.
- 10.2 Gjaldskrá þessi tekur þegar gildi.

Þannig samþykkt við síðari umræðu í sveitarstjórn hinn 31. ágúst 2005.

Hvalfjarðarstrandarhreppi, 31. ágúst 2005.

Hallfreður Vilhjálmsson oddviti.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, með síðari breytingum, og að fengnum tillögum borgarráðs hefur lögreglustjórinn í Reykjavík ákveðið eftirfarandi breytingar á umferð í Reykjavík:

1. Í Lækjargötu, á kafla sem hefst um 50 metra norðan við gatnamót Hafnarstrætis til suðurs að gatnamótum Austurstrætis, skal hægri akrein vera sérakrein fyrir almenningsvagna og leigubifreiðar. Einnig skal hægri akrein til norðurs í Lækjargötu, milli Bókhöðustígs og Bankastrætis, vera sérakrein fyrir almenningsvagna og leigubifreiðar. Ákvörðun þessi er táknuð með umferðarmerkinu G04.21.
2. Á Miklubraut, frá aðrein að bensinstöð austan Kringlumýrarbrautar að stað um 150 metra vestan Stakkahlíðar, skal vera sérakrein lengst til hægri, ætluð almenningsvögnum. Ákvörðunin er táknuð með umferðarmerkinu G04.21.
3. Bannað er að leggja ökutækjum við götur á bílastæði við Laugardalsvöll. Bannið er táknað með umferðarmerkinu B21.11.

Ákvarðanir þessar taka gildi við birtingu auglýsingarinnar.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 19. september 2005.

Ingimundur Einarsson varalögreglustjóri.

AUGLÝSING

um breytingu á svæðisskipulagi Héraðssvæðis 1998-2010.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 16. september 2005 staðfest breytingu á svæðisskipulagi Héraðssvæðis 1998-2010, frá 31. ágúst 2001.

Breytingarnar eru eftirfarandi:

- Nýtt hverfisverndarsvæði er skilgreint í hlíðum Njarðvíkur.
- Afmörkuð eru 9 ný efnistökusvæði: Vatnsskarð, Innri-Hvannagilsá, Njarðvíkurá, Hvoll, Grjótá, við Fjarðará, Þverá, Stóra og Nesmelar.
- Mörk landbúnaðarsvæðis og óbyggðs svæðis miðast við 200 m.y.s. í stað 300 m.y.s. auk þess sem svæði neðan 200 m.y.s. á Víkum verður landbúnaðarsvæði en var áður skilgreint sem óbyggt svæði.
- Tvö ný svæði eru skilgreind sem verslunar- og þjónustusvæði í dreifbýli, í Breiðuvík og Húsavík.
- Gert er ráð fyrir nýjum jeppaslóða milli Sævarenda í Loðmundarfirði að Brimnesvita í Seyðisfirði.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Borgarfjarðarhrepps. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 16. september 2005.

Sigríður Anna Þórðardóttir.

Ingibjörg Halldórsdóttir.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, með síðari breytingum, og að fenginni tillögu framkvæmdaráðs Reykjavíkurborgar hefur lögreglustjórinn í Reykjavík ákveðið að banna akstur vöru- og hópbifreiða norður Suðurgötu, frá Skothúsvegi að Vonarstræti.

Ákvörðun þessi tekur gildi við birtingu auglýsingarinnar.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 19. september 2005.

Ingimundur Einarsson varalögreglustjóri.

AUGLÝSING

**um breytingu á aðalskipulagi Eyjafjarðarsveitar 1994-2014,
Brúarland og Leifsstaðir.**

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 16. september 2005 staðfest breytingu á aðalskipulagi Eyjafjarðarsveitar 1994-2014, frá 26. mars 1997.

Breytingin felst í því að svæði sunnanvert í landi Brúarlands og ofan við Leifsstaðaveg sem skilgreint er sem opið svæði til sérstakra nota breytist í íbúðarsvæði og 1,13 ha svæði ofan við Leifsstaðaveg og vestan við núverandi íbúðarsvæði sem skilgreint er sem sumarhúsasvæði breytist í íbúðarsvæði.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Eyjafjarðarsveitar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 16. september 2005.

Sigríður Anna Þórðardóttir.

Ingibjörg Halldórsdóttir.

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagi Gaulverjabæjarhrepps 2003-2015.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 16. september 2005 staðfest aðalskipulag Gaulverjabæjarhrepps 2003-2015.

Uppdrættir og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Sveitarstjórn Gaulverjabæjarhrepps hefur samþykkt aðalskipulagsáætlunina og Skipulagsstofnun afgreitt hana til staðfestingar.

Aðalskipulagið öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 16. september 2005.

Sigríður Anna Þórðardóttir.

Ingibjörg Halldórsdóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Ölfuss 2002-2014, iðnaðarsvæði á Hellisheiði.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 16. september 2005 staðfest breytingu á aðalskipulagi Ölfuss 2002-2014, frá 4. janúar 2005.

Breytingarnar eru eftirfarandi:

- Iðnaðarsvæði austan Lambafellshnjúka stækkar til austurs og breiðkar að þjóðvegi 1 og verður 41,2 ha í stað 27,9 ha.
- Óbyggt svæði undir Hverahlíð sunnan þjóðveggar 1 breytist í iðnaðarsvæði.
- Óbyggt 2000 m² svæði austan Hamragilsvegar um 500 m frá þjóðvegi 1 breytist í verslunar- og þjónustusvæði.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Ölfuss. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 16. september 2005.

Sigríður Anna Þórðardóttir.

Ingibjörg Halldórsdóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Kópavogs 2000-2012, stækkun miðbæjarsvæðis.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 16. september 2005 staðfest breytingu á aðalskipulagi Kópavogs 2000-2012, frá 23. apríl 2002.

Breytingin felst í því að íbúðarsvæði sem afmarkast af Hamraborg til suðurs, Hábraut í vestri, lóðamörkum Ásbrautar 19-21 í norður og afreini af Hafnarfjarðarvegi í austur breytist á miðsvæði þar sem gert er ráð fyrir yfirbyggðu bílastæði og tveggja til þriggja hæða byggingu.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Kópavogs. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 16. september 2005.

Sigríður Anna Þórðardóttir.

Ingibjörg Halldórsdóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Reykjanesbæjar 1995-2015, Nikkelsvæði/Borgabraut.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 16. september 2005 staðfest breytingu á aðalskipulagi Reykjanesbæjar 1995-2015, frá 28. mars 1996.

Breytingarnar eru eftirfarandi:

- Íbúðarsvæði við Efstaleiti stækkar til vesturs og suðurs.
- Íbúðar- og iðnaðarsvæði ofan Móahverfis breytist í útivistar- og opið svæði.
- Iðnaðarsvæði við Grénás fellur út.
- Stofnanasvæði merkt S5 og S6 ofan Kjarrmóa og sunnan Flugvallarveggar falla út.
- Opið svæði til sérstakra nota merkt U1 breytist í íbúðarsvæði.
- Verslunar- og þjónustusvæði suðvestan Flugvallarveggar fellur út.
- Lega varnarlínu breytist.
- Svæði U3 og U8 sunnan og vestan Samkaupa breytist í blandaða landnotkun verslunar-, þjónustu- og íbúðarsvæða.
- Lega Flugvallarveggar/Borgabrautar breytist.
- Vegtenging frá Grénási og að Hjallavegi fellur út.
- Vegtenging frá Reykjanesbraut og að Njarðarbraut verður í Grénásbrekku.
- Vegtenging frá Njarðarbraut að Flugvallarvegi breytist.
- Vegtenging Smiðjuvalla að Flugvallarvegi breytist.
- Göngu-, hjóltreida- og reiðstígar ofan byggðar breytast.
- Þjónustusvæði vestan fjölnota íþróttahúss minnkar.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Reykjanesbæjar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 16. september 2005.

Sigríður Anna Þórðardóttir.

Ingibjörg Halldórsdóttir.

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagi Borgarfjarðarhrepps 2004-2016.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 16. september 2005 staðfest aðalskipulag Borgarfjarðarhrepps 2004-2016.

Uppdrættir og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Sveitarstjórn Borgarfjarðarhrepps hefur samþykkt aðalskipulagsáætlunina og Skipulagsstofnun afgreitt hana til staðfestingar.

Aðalskipulagið öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi aðalskipulag Borgarfjarðarhrepps/Borgarfjarðar eystra 1981-2001 frá 16. apríl 1982, með síðari breytingum.

Umhverfissráðuneytinu, 16. september 2005.

Sigríður Anna Þórðardóttir.

Ingibjörg Halldórsdóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Austur-Héraðs 2002-2017, frístundabyggð í landi Úlfsstaða, Fljótshéraði.

Samkvæmt 2. mgr. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 16. september 2005 staðfest breytingu á aðalskipulagi Austur-Héraðs 2002-2017, frá 10. júlí 2002.

Breytingin felst í því að frístundasvæði í landi Úlfsstaða stækkar úr 14,8 ha í 17,9 ha.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Fljótshéraðs. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 16. september 2005.

Sigríður Anna Þórðardóttir.

Ingibjörg Halldórsdóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 1995-2015, bensínstöð í Kaplakrika.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 16. september 2005 staðfest breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 1995-2015, frá 23. desember 1997.

Breytingin felst í því að á svæði til sérstakra nota, merkt Ú1 – íþróttasvæði FH við Kaplakrika, verður sjálfsafgreiðslustöð fyrir bensín með aðkomu frá Flatahrauni.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Hafnarfjarðar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 16. september 2005.

Sigríður Anna Þórðardóttir.

Ingibjörg Halldórsdóttir.

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Nesjar í Grafningi, deiliskipulag frístundabyggðar við Illagil, Jórugil og Jónslaut.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 samþykkti sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningsshrepps þann 13. október 2004 deiliskipulag í landi Nesja í Grafningi.

Gert er ráð fyrir 19 nýjum frístundalóðum á ás milli svokallaðs Illagils og Jónslautar, 1 frístundalóð vestan við Jónslaut og 3 lóðum norðan við Jórugil. Alls 23 lóðir 5.600 til 11.000 m² að stærð.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 15. september 2005.

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu,

Arinbjörn Vilhjálmsson.

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Sandgerði.

Deiliskipulag við Lækjamót.

Bæjarstjórn Sandgerðisbæjar hefur þann 4. maí 2005 samþykkt breytingu á deiliskipulagi við Lækjamót í Sandgerði.

Skipulagstillagan hefur fengið þá meðferð, sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Breyting á deiliskipulagi frístundabyggðarinnar Náthaga við Þóroddsstaði ásamt útivistarsvæði.

Bæjarstjórn Sandgerðisbæjar hefur þann 6. apríl 2005 samþykkt breytingu á deiliskipulagi frístundabyggðarinnar Náthaga við Þóroddsstaði ásamt útivistarsvæði.

Skipulagstillagan hefur fengið þá meðferð, sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

F.h. Sandgerðisbæjar, 16. september 2005.

Guðfinnur G. Þórðarson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á svæðisskipulagi Eyjafjarðar 1998-2018, Brúarland og Jódísarstaðir.

Samkvæmt 2. mgr. 14. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 16. september 2005 staðfest breytingu á svæðisskipulagi Eyjafjarðar 1998-2018, frá 14. október 2002.

Breytingin felst í því að hámarksfjöldi húsa á íbúðarsvæðum í landi Brúarlands breytist úr 15 í 17 hús og 10 ha svæði vestan Eyjafjarðarbrautar eystri í landi Jódísarstaða verður íbúðarsvæði.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Eyjafjarðarsveitar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 16. september 2005.

Sigríður Anna Þórðardóttir.

Ingibjörg Halldórsdóttir.

AUGLÝSING

um deiliskipulag á Álftanesi.

Miðsvæðisreitur, Kirkjubrú.

Bæjarstjórn Álftaness samþykkti þann 25. ágúst 2005 breytingu á deiliskipulagi við miðsvæðisreit, Kirkjubrú á Álftanesi.

Breytingin felur í sér að 14 íbúðarhúsalóðum og 2 raðhúsalóðum er breytt í 13 einbýlishúsalóðir, 8 raðhúsalóðir (16 íbúðir) og 2 raðhúsalóðir (6 íbúðir).

Deiliskipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.

Álftanesi, 15. september 2005.

Guðmundur G. Gunnarsson bæjarstjóri.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Eyjafjarðarsveitar 1994-2014, Jódísarstaðir.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 16. september 2005 staðfest breytingu á aðalskipulagi Eyjafjarðarsveitar 1994-2014, frá 26. mars 1997.

Breytingin felst í því að 10 ha opið svæði neðan Eyjafjarðarbrautar eystri sem skilgreint er sem svæði til sérstakra nota breytist í íbúðarsvæði.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Eyjafjarðarsveitar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisstofnun, 16. september 2005.

Sigríður Anna Þórðardóttir.

Ingibjörg Halldórsdóttir.

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagi orlofshúsa við Búðargil, Akureyri og íbúðarbyggðar á Búðartanga, Hrísey.

Bæjarstjórn Akureyrar hefur þann 6. september 2005 í samræmi við 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga samþykkt tillögu að eftirtöldum breytingum á deiliskipulagi orlofshúsabyggðar við Búðargil: Byggingarreitir breikka úr 8 m í 8,6 m, hámarksstærð húsa verður 78 m² í stað 70 m², lágmarkspakhalli minnkar úr 25° í 20° og nýtingarhlutfall hækkar úr 0,12 í 0,2.

Bæjarstjórn Akureyrar hefur þann 6. september 2005 í samræmi við 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga samþykkt tillögu að breytingu á deiliskipulagi íbúðarbyggðar við Austurveg og Búðartanga, Hrísey. Breytingar á deiliskipulaginu skv. tillögunni fólust í því að húsagata og 5 lóðir við hana færðust fjær ströndinni, en við lokaafgreiðslu var samþykkt að fella einnig niður eina af lóðunum. Bæjarstjórn hefur lýst því yfir að hún taki að sér að bæta það tjón sem einstakir aðilar kunni að verða fyrir vegna þessara breytinga.

Ofangreindar skipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast þær þegar gildi.

F.h. Akureyrarbæjar, 27. september 2005,

Pétur Bolli Jóhannesson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
859	16. sept.	Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Austur-Héraðs 2002-2017, frístundabyggð í landi Úlfsstaða, Fljótsdals-héraði	1841
860	16. sept.	Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 1995-2015, bensínstöð í Kaplakrika	1841-1842
861	15. sept.	Auglýsing um deiliskipulag í Grímsnes- og Grafningshreppi	1842
862	16. sept.	Auglýsing um skipulagsmál í Sandgerði	1842-1843
863	16. sept.	Auglýsing um staðfestingu á breytingu á svæðisskipulagi Eyjafjarðar 1998-2018, Brúarland og Jódísarstaðir	1843
864	15. sept.	Auglýsing um deiliskipulag á Álftanesi	1843
865	16. sept.	Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Eyjafjarðarsveitar 1994-2014, Jódísarstaðir	1844
866	27. sept.	Auglýsing um breytingar á deiliskipulagi orlofshúsa við Búðargil, Akureyri og íbúðarbyggðar á Búðartanga, Hrísey	1844

